



Reykjavík, 5. desember 2019  
R19120020  
6631  
ívs

## Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14  
105 REYKJAVÍK

### ***Nauthólsvík - deiliskipulag***

Á fundi borgarráðs þann 5. desember 2019 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 4. desember 2019, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 4. desember 2019 á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Nauthólsvíkur vegna aðkomutengingar við fyrirhugaða Fossvogsbrú, ásamt fylgiskjölum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins samþykjkja að auglýsa svo íbúar og aðrir aðilar geti komið á framfæri athugasemdum við þessa breytingu. Jafnframt er þetta auglýst í trausti þess að Reykjavíkurborg láti fara fram umhverfismat á fyrirhugaðri landfyllingu.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokkssins lagði fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Miðflokkssins leggst alfarið gegn öllum breytingum skipulags sem þrengja að svæði Reykjavíkurflugvallar. Slíkt er með öllu ótímabært, að ekki sé talað um að hér á að ráðast í skipulagsbreytingar gagngert vegna framkvæmdar við brú yfir Fossvog, en þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar fulltrúa Miðflokkssins hefur það verk ekki enn verið arðsemismetið eins og lög og reglur gera ráð fyrir. Vegagerðin kemur að þessari framkvæmd og fjármagnar stærstan hlut hennar. Nú er það svo, að um Vegagerðina gilda lög rétt eins og aðrar stofnanir og þar segir í II. kafla, grein 4.: „Vegagerðin tekur þátt í gerð samgönguáætlunar. Stofnunin mótar almenna stefnu og viðmið um byggingu, viðhald og þjónustu samgöngumannvirkja, annast forsendugreiningu og frumrannsóknir vegna þeirra, greinir og ber saman ólíka valkosti, gerir tillögu að forgangsröðun verkefna, frumhannar mannvirki og metur kostnað, arðsemi og

umhverfisáhrif þeirra.“ Að ofangreindu er ljóst að arðsemismat er ekkert smámál, það er einn mikilvægasti liður frumstigs hverrar framkvæmdar, þar sem framkvæmdir með slakt arðsemismat eru vinsaðar úr á því stigi, áður en lagt er í frekari kostnað við hönnun o.s.frv. Tillaga þessi er því ekki hæf til afgreiðslu.



Helga Björk Laxdal  
e.u.